

# TÓNHOLT

## Vinkonur

Vinkonur, við erum vinkonur þrjár  
vinkonur, við erum vinkonur þrjár  
við getum dansað, sungið hlegið saman  
skemmt okkur og haft svo gaman  
geiflað svo og grett í framan  
og við veltumst um af hamingju

Það sem mér dettur í hug er stundum alveg ferlega fyndið  
Það sem mér dettur í hug er stundum alveg svakalega skrytið  
ímyndum okkur að allir séu vinir  
saman myndum horfa' á fílahjörð  
fljúga hjá.

Vinkonur, við erum vinkonur já  
vinkonur, við erum vinkonur þrjár  
við skulum breyta því sem þarf að breyta  
einelti við skulum neita  
jafnrétti á það að heita  
og við veltumst um af hamingju

## Tal.... (smá bið)

Vinkonur, við verðum héðan í frá  
vinkonur, við erum vinkonur þrjár  
við segjum það sem áður var er búið  
orðið allt of þreytt og lúið  
nú verður ekki aftur snúið  
því við erum orðnar...

vinkonur, við erum vinkonur þrjár  
vinkonur við erum vinkonur þrjár  
erum vinkonur.....hei!